



## Umsókn um útgreiðslu úr séreignardeild vegna andláts

### Umsækjandi

Nafn sjóðfélaga

Heimilisfang

Simanúmer

Kennitala

Póstnúmer og sveitarfélag

Netfang

### Sjóðfélagi

Nafn sjóðfélaga

Kennitala

Dánardagur

### Greiðslutilhögun

Eingreiðsla

Mánaðarlegar greiðslur

Mánaðarleg fjárhæð kr.  í  mánuði

Erfðarséreign

Ef óskað er að erfðaeign verði flutt yfir á lífeyrissparnað erfingja þá er henni ráðstafað í Ævilínu samkvæmt aldri erfingja, nema erfingi hafi átt inneign fyrir í annarri fjárfestingarleið, þá er erfðaeign flutt í þá fjárfestingarleið.

### Fylgigögn

Yfirlit um framvindu skipta

### Skattupplýsingar

Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launagreiðslur væri að ræða. Það er á ábyrgð sjóðfélaga að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi skattgreiðslur eiga að vera.

**Skattþrep 1** (36,94% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur til 927.087 kr.)

**Skattþrep 2** (46,24% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá 927.088 kr.)

Hlutfall persónuafsláttar:  frá dags:

**ATH: Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag útgreiðslumánaðar.**

### Bankareikningur

Bankanúmer (útibú)

Höfuðbók nr.

Reikningsnúmer

### Undirskrift

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum umsækjanda má finna hér.



PRENTA

VISTA

HREINSA



## Reglur um endurgreiðslu úr B-deild (Séreignardeild)

- Lífeyrisgreiðslur úr B-deild** geta hafist þegar sjóðfélaginn er orðinn 60 ára.
- Sjóðfélagi getur við töku lífeyris valið** um að fá inneign sína í B-deild greidda með annarri hvorri eða blöndu eftirtalinna endurgreiðsluaðferða.
  - Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára** getur hann tekið inneign sína á séreignarreikningi út í einu lagi eða dreift henni í þann tíma sem hann óskar.
  - Inneign hans á séreignarreikningi verði færð** til A-deildar, sameignardeildar, sem greiðir hana út sem lífrentu (annuity) mánaðarlega til æviloka. Velji sjóðfélagi þessa endurgreiðsluleið fellur niður sér-eignarréttur hans til inneignarinnar, sem fellur þá ekki til erfingja við andlát.
- Sjóðfélagi, sem vegna varanlegrar heilsubilunar verður að hætta störfum** áður en hann nær 60 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í B-deild greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Heimilt er að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir kr. 500.000. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- Við andlát sjóðfélaga**, sem á inneign á séreignarreikningi í B-deild, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir.

## Reglur um útgreiðslu úr C-deild (Tilgreind séreign)

**Útgreiðsla vegna aldurs:** Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt tilgreindrar séreignar frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri.

Heimilt er að víkja frá þessum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Útgreiðsla vegna örorku:** Verði rétthafi öryrki og trúnaðarlæknir sjóðsins metur orkutapið sem hann verður fyrir 100% á hann rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreign greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Sé örorkuprósentan lægri en 100% lækkar árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski sjóðfélagi þess er heimilt að víkja frá þessum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

**Útgreiðsla vegna andláts:** Við andlát sjóðfélaga, sem á inneign í tilgreindri séreign, greiðist inneignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélaginn ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins (sbr. lög um lífeyrissjóði nr. 129/1997 með síðari breytingum).